

Bókun frá borgarfulltfrúum Kvennaframboðsins utan dagskrár 6.6.1985.

Við höfum valið þennan fund borgarstjórnar til þess að mótmæla þeirri kvenímynd, sem haldið hefurverið óvenju sterkt að okkur konum síðustu vikur í tilefni nýafstaðinnar fegurðarsamkeppni. Astæðan fyrir því að við veljum fund borgarstjórnar sem vettvang mótmæla okkar, er forganga borgarstjóra við að viðhalda áður-nefndri ímynd og ummælum hans við krýningu fegurðardróttningar nýlega. Við það tækifæri gerðist hann opinber fulltrúi karlrembunnar og sýndi sinn innri mann með því að reyna að vera fyndinn á kostnað kvenna.

Við munum því hér á fundinum reyna að hegða okkur í samræmi við boðskap þessarar ímyndar til þess að mótmæla henni og sýna fram á fáránleik hennar. Þessi ímynd karlveldisins er í stuttu máli, að gildi kvenna felist í snotru andliti, grönnu mitti, réttu ummáli brjósta og mjaðma. Þessum þáttum kvenímyndarinnar getum við ekki tryggt að við komum til skila. Móðir náttúra á bar hlut að máli. Hinum þáttum kvenímyndarinnar, þ.e. skoðanaleysinu, virðingu fyrir valdinu og að vera meðfærilegar ráðum við hins vegar skár við. Til þess að það megi þó gerast, verður nokkur misbrestur á málefnalegri afstöðu okkar á fundinum.

Sanni eitthvað mikilvægi kvenfrelsibaráttu, er það sú staðreynd að þrátt fyrir sí- vaxandi þátttöku kvenna í alls konar störfum og í stjórnmálum, reyna karlar enn þáað halda á lofti þessari fölksu ímynd. Þrátt fyrir Kvennaframboð og Kvennalista og fjölda kvenna-hreyfinga, sem hafa sannað fylgi fólks við breytta og raunsannari ímynd kvenna, er karlveldið samt við sig og þar skipar borgarstjóri sjálfan sig í forystusveit. Það er sorglegt að horfa á unga menn í geirfuglshlutverki.